



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

571. fundur stjórnar SSH
var haldinn í Hamraborg 9, mánudaginn 8. janúar 2024
og hófst hann kl. 12:00.

Fundinn sátu:

Regína Ásvaldsdóttir, Almar Guðmundsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Þór Sigurgeirsson, Þorbjörg Gísladóttir, Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH og Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Regína Ásvaldsdóttir, formaður stjórnar, setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Þróunaráætlun fyrir SV-hluta Íslands - 2401006

Fyrirliggjandi er tillaga borgarstjóra um að SSH beiti sér fyrir samstarfi um gerð sameiginlegrar þróunaráætlunar fyrir höfuðborgarsvæðið, Suðurnes, Suðurland og Vesturland, þ.e. frá Hvítá til Hvítár, til ársins 2050. Lagt er til að tillögunni verði vísað þeirrar umræðu og vinnu sem fer fram vegna dagskrárlíða 2 og 3.

Gestir

Jón Kjartan Ágústsson svæðisskipulagsstjóri.

Niðurstaða:

Samþykkt að visa tillögunni til þeirrar umræðu og vinnu sem fer fram undir liðum 2 og 3, þ.e. frekari umræðu um verkefni og áherslur SSH og áhersluverkefni sóknaráætlunar á sérstökum vinnufundi stjórnar.

2. SSH Verkefni - 2401005

Umræða um áherslur og verkefni SSH á árinu 2024. Fyrirliggjandi er minnisblað framkvæmdastjóra dags. 5. janúar 2024 um yfirstandandi verkefni SSH.

Gestir

Jón Kjartan Ágústsson svæðisskipulagsstjóri.

Niðurstaða:

Umræður. Niðurstaða fundarins var sú að SSH beittu sér áfram, og í auknum mæli, við hagsmunagæslu vegna sameiginlegra hagsmuna höfuðborgarsvæðinsins, m.a. með ritun umsagna og samskiptum við ríkisvaldið, enda sé aðstæður á höfuðborgarsvæðinu oft frábrugðnar því sem gerist á landsvísu. Þá verði greining mikilvægra verkefna hverju sinni viðvarandi og mat þess hvar kröftum SSH sé best varið byggt á slíkri greiningu. Þá sé mikilægt að aðkoma SSH og aðildarsveitarfélaga þeirra sé tryggð þegar kemur að starfshópum og nefndum á vegum ríkisins eða annarra aðila sem fást við mikilvæg hagsmunamál svæðiðsins, t.a.m. þegar kemur að málefnum fatlaðs



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

fólks. Frekari umræða um áherslur og áhersluverkefni SSH verða tekin fyrir á næsta fundi stjórnar SSH.

3. Sóknaráætlun - Áhersluverkefni 2023 og 2024 - 2211011

Svæðisskipulagsstjóri kynnir fyrirbyggjandi minnisblað dags. 3. janúar 2024 um stöðu áhersluverkefna sóknaráætlunar 2023.

Fyrirbyggjandi er bréf innviðaráðuneytisins dags. 4. september 2023 vegna viðbótarframlaga til að koma til móts við kostnað landshlutasamtaka við framkvæmd áhersluverkefna. Framlag til SSH vegna ársins 2023 er 3.406.289 kr.

Þá liggur fyrir, sbr. fyrirbyggjandi tölvupóst innanríkisráðuneytisins dags. 19. desember 2023, að framlag til sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins vegna ársins 2024 nemur 25 milljónum kr. Framlag SSH samkvæmt fjárhagsáætlun er 5 milljónir kr. Samtals er þá nýtt framlag til áhersluverkefna sóknaráætlunar 2024 30 milljónir kr.

Gestir

Jón Kjartan Ágústsson svæðisskipulagsstjóri.

Niðurstaða:

Formanni stjórnar og framkvæmdastjóra er falið að skipuleggja vinnufund stjórnar vegna áhersluverkefna sóknaráætlunar á árinu 2024 en miðað er við að hann verði haldinn föstudaginn 2. febrúar kl. 14.

4. Samgöngusáttmálinn - uppfærsla - 2003010

Framkvæmdastjóri og Birgir Björn Sigurjónsson, fulltrúar SSH í viðræðuhóp um uppfærslu Samgöngusáttmálans, fara yfir stöðu viðræðna við ríkið um uppfærslu Samgöngusáttmálans.

Gestir

Birgir Björn Sigurjónsson ráðgjafi.

Niðurstaða:

Umræður

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri Reykjavík fer af fundi.

5. Útivistarvefur hbsv. -Sóknaráætlun 2023 - 2303007

Fyrirbyggjandi er minnisblað svæðisskipulagsstjóra þar sem staða ofangreinds sóknaráætlunarverkefnis sem hefur verið unnið að á árinu 2023 er kynnt og settar fram tillögur um næstu skref við vinnslu þess.

Lagt er til að áfram verði unnið að framvindu verkefnisins til samræmis við fyrirbyggjandi minnisblað, tíma- og kostnaðaráætlun og hafin verði vinna við gerð kröfulýsingar, val á samtarfsaðila við hönnun veflausna og verkefnið sett af stað. Þá verði gengið til samninga við Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins um



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

hýsingu og rekstur verkefnisins.

Svæðisskipulagsstjóri kynnir framangreint.

Gestir

Jón Kjartan Ágústsson svæðisskipulagsstjóri.

Niðurstaða:

Samþykkt

6. Sóknaráætlun 2025-2029 - 2312007

Fyrirliggjandi er minnisblað innviðaráðuneytisins dags. 13. desember 2023 um framlag að fjárhæð 4.418.650 kr. vegna vinnu við mótun nýrrar sóknaáætlunar höfuðborgarsvæðisins fyrir árin 2025-2029.

Lagt er til að formanni og framkvæmdastjóra verði falið að vinna nánar að útfærslu fyrirkomulags við vinnu við gerð nýrrar sóknaráætlunar á árinu 2024.

Niðurstaða:

Samþykkt

7. Ályktun Skíðapings - aðstaða í Skálafelli - 2311001

Á 567. fundi stjórnar SSH hinn 6. nóvember 2023 var erindi Skíðasambands Íslands vegna ályktunar Skíðapings sem haldið var dagana 20. og 21. október 2023, um aðstöðu til æfinga og keppni í Skálafelli sent Samstarfsnefnd skíðasvæðanna til umsagnar. Á 419. fundi Samstarfsnefndar skíðasvæðanna sem fram fór 13. desember 2023, var fjallað um málið og fyrirliggjandi er umsögn nefndarinnar, dags. 13. desember 2023, um erindið.

Niðurstaða:

Eigendavettvangur skíðasvæðanna hefur lagt áherslu á að ná jafnvægi í rekstri skíðasvæðanna á árinu 2024 en mikilvæg þekking hefur skapast eftir vel heppnaðar og viðamiklar framkvæmdir í Bláfjöllum sem nýtast fjölbreyttum hópi skíðaiðkenda. Á árinu 2024 verður unnið að því að uppfæra nánar þarfagreiningu og kostnaðaráætlunir vegna þeirrar uppbyggingar sem áætluð er á skíðasvæðinu í Skálafelli sbr. bókun 566. stjórnarfundar dags. 16. október 2023. Eigendavettvangur skíðasvæðanna getur því miður ekki orðið við þeirri málaumleitan að leggja frekara fjármagn til skíðasvæðanna á árinu 2024. Að sjálfsögu mun Skíðasambandinu standa til boða að nýta Bláfjallasvæðið fyrir mótshald. Þá er lögð áhersla á að Skíðasambandi Íslands verði boðið til þátttöku í undirbúningi og stefnumótun skíðasvæðanna þegar kemur að frekari undirbúningi framkvæmda á skíðasvæðunum höfuðborgarsvæðisins.

Þór	Sigurgeirsson	bæjarstjóri	Seltjarnarnesbæjar	fer	af	fundi.
Þorbjörg	Gísladóttir	sveitarstjóri	Kjósarhrepps	fer	af	fundi.

8. Samgöngusáttmálinn - Sex mánaða skýrsla. - 2003010

Fyrirliggjandi er sex mánaða skýrsla Betri samgangna ohf., um stöðu og



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

framgang verkefna dags. desember 2023, sbr. h-lið 6. gr. Samgöngusáttmálans.

Niðurstaða:

Umræðu frestað til næsta fundar stjórnar 22. janúar nk.

9. Höfuðborgarstefna - 2011001

Framkvæmdastjóri kynnir vinnu starfshóps um höfuðborgarstefnu.

Niðurstaða:

Kynnt

10. Fyrirkomulag eftirlits með hollustuháttum o.fl. - 2311003

Rætt hefur verið um að fá aðila frá heilbrigðiseftirlitum og heilbrigðisnefndum sveitarfélaganna til að fjalla nánar um fyrirliggjandi skýrslu starfshóps um fyrirkomulag eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum og matvælum. Stefnt verði að frekari umfjöllun um skýrsluna á fundi stjórnar í febrúar.

Niðurstaða:

Frestað

11. Önnur mál - 2110011

1. Umræður um málefni kjarasamninga á árinu 2024.

Niðurstaða:

Umræður

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:00.